



Bílastæði fyrir handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða í bílahúsum Reykjavíkurborgar o.fl.

Kynning á fundi mannréttindaráðs 5. júní 2025



Núgildandi verklag

Handhafi stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða ekur inn í bílahús og hringir við komu í aðstoðarnúmer fyrir notendur bílahúsa eftir að hafa lagt bifreið sinni, eða notar aðstoðarhnapp við innhlið.

Þar gefur hann upp bílnúmer sitt og upplýsingar um stæðiskort, til þess að geta ekið beint út úr bílahúsinu eftir notkun án þess að greiða.

Starfsmenn Bílastæðasjóðs hafa handahófskennt eftirlit með stæðiskortum, eins og úti við götukant.

Ef gilt stæðiskort er á mælaborði bifreiðarinnar og handhafinn hefur gefið ofangreindar upplýsingar við komu í bílahúsið þarf ekki að greiða eða eiga frekari samskipti við starfsmenn Bílastæðasjóðs til að geta ekið beint út við brottför úr húsinu.



Vinna í gangi

Bílastæðasjóði er annt um að finna góða lausn sem auðveldar handhöfum stæðiskorta, sem öðrum, að leggja í bílahúsum borgarinnar.

Bílastæðasjóður er bundinn af getu aðgangsstýringarkerfisins í bílahúsunum varðandi það að auka sjálfvirkni í þessum málum, sem og hvernig útgáfu stæðiskortanna er háttað, þ.e. sem handhafakortum á pappír, en ekki rafrænum eða tengdum bifreiðum eða annað slíkt.

Unnið hefur verið að lausn sem Bílastæðasjóður ætlar að taka upp til reynslu í bílahúsunum, fyrst í Ráðhúsinu og í framhaldinu í öðrum húsum ef vel tekst til. Bílahúsin eru þó ólík og því þarf lausnin hugsanlega að vera með einhverjum blæbrigðum svo hún virki sem best í hverju húsi fyrir sig.

Bílastæðasjóður hefur einnig fundað ört með Öryrkjabandalaginu undanfarið varðandi rafrænar lausnir til að greina að í bifreið sé stæðiskort fyrir hreyfihamlaða. Sú vinna hefur einkum miðað að lagningu ökutækja við götukant.



Tillaga að lausn til reynslu

Í bílahúsum eru ákveðið mörg stæði sérmerkt fyrir handhafa stæðiskorta.

Tillagan miðar að því að byrja í Ráðhúsinu að taka frá í forgangi í aðgangsstýringarkerfi bílahúsanna jafnmörg stæði og eru sérmerkt þar, til að reyna að tryggja að handhafar stæðiskorta komist örugglega inn í bílahúsið, svo framarlega sem þessi stæði eru laus.

Til þess að láta reyna á þessa lausn þarf samvinnu við handhafa stæðiskortanna og upplýsingar um þá bifreið sem hver handhafi notar alla jafna.

Með þessum hætti er vonast til að hægt sé að tryggja að handhafar stæðiskorta komist inn í bílahúsið á tilgreindri bifreið ef stæðin eru laus og geti þá lagt í þessi sérmerktu stæði án þess að hringja eða tilkynna sig á annan hátt en aðrir í hvert sinn sem þeir nýta húsin.

Ef vel tekst til gæti þetta verklag verið tekið upp til frambúðar og yfirfært á önnur hús, eftir því sem hentar í hverju húsi.



Samvinna með ÖBÍ

Bílastæðasjóður hefur hafið rafrænt eftirlit í borgarlandi og í því sambandi hefur verið vinna í gangi með Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ).

ÖBÍ hefur einnig verið í samskiptum við Parka vegna þessa og unnið að ákveðinni lausn, sem ætti að auðvelda handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða að leggja í stæði og skrá stæðiskort með rafrænum hætti, sem kæmu upp sem slík við rafrænt eftirlit Bílastæðasjóðs.

Bílastæðasjóður og ÖBÍ hafa fundað með sýslumannsráði varðandi uppflettingar í skrá um handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða hjá sýslumanni eða rafrænu Íslandi í gegnum island.is. Jákvæður tónn var hjá sýslumannsráði að vinna að lausnum og eru verið að skoða málin hjá þeim eins og er.



Reykjavík